



Vestfjarðastofa

VESTFJARÐASTOFA

FRÉTTABRÉF OKTÓBERMÁNAÐAR 2024



VESTFJARÐASTOFA
SUÐURGATA 12
400 ÍSAFJÖRÐUM



FV@VESTFIRDIR.IS



WWW.VESTFIRDIR.IS



450-6600

FELST HAMINGJAN Í INNVIÐUM?

Vestfirðingar tala mikið um innviði og erfitt er að finna þann fund sem haldinn er á vettvangi sveitarfélaga, þingmanna og ráðherra þar sem samgöngur, orkumál og fjarskipti eru ekki nefnd. Í vinnu við nýja Sóknaráætlun Vestfjarða kom í ljós við yfirferð lykilmælikvarða fyrir þróun svæðisins að hamingja íbúa hefur samkvæmt þeim mælikvörðum sem notaðir eru farið nokkuð niður.

Það er nefnilega þannig að samgöngur eru lykilatriði þegar kemur að því að tengja fólk við vinnu, skóla og félagslíf. Með skilvirkum og áreiðanlegum samgöngum getur fólk sparað tíma og orku sem hægt er að nýta í aðra þætti lífsins sem skipta þau máli, eins og fjölskyldu og tómstundir. Þetta getur leitt til bættrar líðan og aukinnar hamingju.

Það er líka þannig að næg orka og afhendingaröryggi raforku tryggir að samfélagið og atvinnulífið þróist með eðlilegum hætti. Aðgangur að orku á réttu verði gerir fólki kleift að njóta þæginda og öryggis sem flestir taka sem gefnum hlut sem getur skapað öryggistilfinningu og stuðlað að hamingju.

Góð fjarskipti auka tengsl milli fólks og á tímum stafrænnar tækni eru fjarskipti lykill að menntun, samskiptum og viðskiptum og eru þar með mikilvægur þáttur í að viðhalda og efla tengsl og lífsgæði. Að auki skapa góð fjarskipti á samgönguæðum mikilvæga öryggistilfinningu. Það er því þannig að góðir innviðir eru grunnur að því að skapa umhverfi þar sem einstaklingar geta blómstrað.



Sigríður Ó. Kristjánsdóttir
frkvæmdastjóri Vestfjarðastofu

Það er þó ekki þannig að innviðir einir og sér tryggi hamingju en þeir veita nauðsynlega undirstöðu sem gerir fólki kleift að sækjast eftir og viðhalda hamingju í lífi sínu.

Baráttan fyrir bættum innviðum er mikilvægur þáttur í að auka hamingju íbúa en langt frá því að vera það eina sem vinna þarf að til að gera okkar góða svæði að enn betri stað til búsetu. Það verður því einn lykilþáttur í áherslum næstu ára að vinna að verkefnum sem stuðla að bættum skilyrðum til búsetu á okkar góða svæði.

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir
frkvst. Vestfjarðastofu



ANNASAMUR OKTÓBER

Október er jafnan annasamur mánuður hjá starfsfólki Vestfjarðastofu. Þetta er mánuðurinn sem er hvað vinsælastur til ráðstefnu og fundahalds þannig að við höfum verið á ferð og flugi þennan mánuðinn.

Stærsta ráðstefna um fiskeldi sem haldin er á Íslandi, Lagarlíf, er jafnan haldin að hausti og var Lagarlíf nú staðsett í Hörpunni. Um 700 manns sóttu Lagarlíf að þessu sinni og fór ráðstefnan fram á ensku þar sem mikið er af erlendum gestum. Síðasta málstofan var um samfélagsleg áhrif og ábyrgð fiskeldis og komu þar Vestfirðingar mjög við sögu en málstofunni var stýrt af undirritaðri og Arna Lára Jónsdóttir bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar flutti erindi sem bar titilinn “Samfélagsleg ábyrgð fiskeldis fyrirtækja, væntingar og kröfur - út frá sjónarhóli sveitarfélags”. Eftir málstofuna dró síðan Halldór Halldórsson, framkvæmdastjóri Íslenska kalkþörungafélagsins og fyrrverandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, saman það markverðasta sem fram fór á ráðstefnunni í lokaorðum.

Í kjölfar Lagareldis hófst Fjármálaráðstefna sveitarfélaga sem jafnan er stærsta samkoma sveitarstjórnarmanna á Íslandi. Svo var einnig að þessu sinni og það er mikilvægt fyrir kjörna fulltrúa og þá sem vinna fyrir sveitarfélögin að koma saman og skiptast á þekkingu.


Fjórðungsþing Vestfirðinga sem er mikilvæg samkoma kjörinna fulltrúa á Vestfjörðum var að þessu sinni haldið að Laugahóli í Bjarnarfirði þar sem vel var hugað að því að öllum liði sem best og væru vel nærðir á meðan á þinginu stóð. Gaman er að segja frá því að tveir fulltrúar úr Ungmennaráði FV tóku þátt í vinnustofu vegna gerðar Svæðisskipulags fyrir Vestfirði og voru þannig mikilvæg rödd framtíðar í þeirri vinnu.

Af öðrum mannamótum sem starfsmenn Vestfjarðastofu komu að má nefna vel heppnaða ferð til Írlands vegna Norðurslóðaverkefnisins MERSE sem fjallað er um nánar í grein í fréttabréfinu.

Vinnustofur vegna úthlutunar Uppbyggingarsjóðs voru vel sóttar í ár og töluverður áhugi er greinilegur vegna úthlutunar sjóðsins fyrir árið 2025. Það má því vænta umtalsverðrar grósku í menningu og nýsköpun á því herrans ári.

Samstarfsverkefni okkar við Vesturland og Norðurland Vestra, Leiðir til Byggðafestu gengur vel og er nú í boði nokkur fjöldi námskeiða sem ætluð eru til fræðslu og tengslamyndunar til að hrinda tækifærum í framkvæmd. Haldin hafa verið þrjú námskeið þegar þetta er skrifað sem öll hafa verið vel sótt. Hlédís Sveinsdóttir var fengin til að halda utan um þessa vinnu og annast hún verkefnastjórn þessa verkefnis.

Frekari upplýsingar um fundi og ráðstefnur sem haldnar voru eða sóttar af fulltrúum Vestfjarðastofu í október má finna í fréttabréfinu.



BYGGJUM UPP MEÐ GLEÐINNI

Ég held það þurfi að snúa við blaðinu. Löngu bænaskjölin, ræðurnar um það hvað við höfum það skítt og fólkið í Reykjavík vont við okkur, segjum gott af því í bili. Það virkaði örugglega ágætlega, en svakalega er það leiðinlegt.

Auðvitað er óskalistinn langur. Klára þverun Gufu- og Djúpafjarðar og lokakafla Dynsunnar. Byggja verkmenntahúsið. Auka orkuöryggi. Þetta farsímasamband á vegunum pronto, svo heimskautavolsögur Vera Illugadóttir detti ekki út á kortersfresti og hægt sé að taka símtöl án þess að sambandið slitni í hverjum fjarðarbotni.

Stóra myndin er þessi: Frá aldamótum, þegar atvinnulíf á Vestfjörðum einkenndist helst af hvítfiskveiðum- og vinnslu, hefur orðið gríðarleg breyting með tilkomu þriggja nýrra stoða undir efnahaginn. Fiskeldi, Kerecis og ferðaþjónusta eru hvert á sinn hátt nýjar stoðir sem byggja undir áframhaldandi velsæld. Við höfðum orðið eftirbátar í tekjum, en erum núna komin upp í landsmeðaltalið í meðaltekjum. Vissulega er það svo að innan fjórðungsins er þróunin ólík. Sauðfjárrækt og annar landbúnaður er í vörn, rækjuvinnsla er hætt á Hólmavík og Kerecis er ekki á Drangsnesi.

Ég spjalla reglulega við gesti sem koma frá öðrum löndum, bæði í fræðidvöl Ólafs Ragnars Grímssonar og til háskólasetsins. Nýlega komu gestir frá Kanadískum bæ á stærð við Ísafjörð. Þau löptu upp það sem við höfðum að segja um þróun samfélaganna á þessu svæði. Öfundin leyndi sér ekki. Þeim mun reynast erfitt að herma eftir.



*Gylfi Ólafsson
Formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga og
Vestfjarðastofu*

Íslendingum lánaðist til dæmis að setja á kvótakerfi áður en þorskurinn hvarf. Það er aðeins til eitt eintak af Guðmundi Fertram og Dóru Hlín. Ísafjarðarhöfn er í kjörstöðu til að halda áfram að taka á móti fleiri gestum, og stefnumótun þar um er skapalón fyrir aðrar hafnir á landinu.

Við skulum byggja upp, leggja Vestfjarðalínuna, reisa hjúkrunarheimili á Patró, auka laxeldi, fjölga ferðamönnum. Og hafa gaman. Ég tók við sem formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu nýverið. Ég hlakka til samstarfsins með sveitarfélögum, atvinnulífínu, ríkinu og starfsfólki Vestfjarðastofu, og þess að leggja mitt af mörkum svo fjórðungurinn og fólkið sem hann byggir geti haldið áfram að dafna.

20 MILLJÓNIR TIL EFLINGAR VETRARFERÐAÞJÓNUSTU Á VESTFJÖRÐUM

Tækifæri á Vestfjörðum yfir vetrartímann

Með verkefninu er stefnt að því að auka ferðamannastrauminn yfir vetrartímann og draga úr árstíðasveiflum í ferðaþjónustu. Vestfirðir bjóða upp á fjölbreytta möguleika fyrir ferðamenn, allt frá einstökum náttúruperlum til upplifana eins og norðurljósaskoðun og vetrarævintýra. Þrátt fyrir að þróunarvinnan sé rétt að hefjast, er byggt á mikilli vinnu þeirra sem stundað hafa heilsársferðaþjónustu á svæðinu til þessa og augljóst er að svæðið hefur margt fram að færa fyrir ferðamenn sem vilja njóta þess besta sem íslensk náttúra hefur upp á að bjóða á vetrum.

Betri aðgengi og aukin ferðaþjónusta

Samgöngubætur á Vestfjörðum, þar á meðal Dýrafjarðargöng og bundið slitlag á Dynjandisheiði, hafa gert svæðið aðgengilegra en nokkru sinni fyrr, og nú þegar hefur hópaferðum til landshlutans fjölgað yfir vetrarmánuðina.

Samstarf og framtíðarsýn

Vestfjarðastofa annast framkvæmd verkefnisins í nánu samstarfi við fyrirtæki og aðra hagsmunaaðila á svæðinu, með það að markmiði að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem Vestfirðir bjóða yfir vetrartímann. Vestfirðir eru svæði með einstaka möguleika fyrir ferðaþjónustu árið um kring, og með þessum samningi vonumst við til að efla til muna ferðaþjónustu á Vestfjörðum allt árið.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, ferðamálaráðherra fyrir hönd Menningar- og viðskiptaráðuneytis hefur undirritað samning við Vestfjarðastofu um þróun vetrarferðaþjónustu á Vestfjörðum. Um er að ræða 20 milljóna króna stuðning til tveggja ára við verkefni sem miðar að því að lengja ferðamannatímabilið á svæðinu.

Vestfjarðastofa hefur átt í löngu og uppbyggilegu samtali við Menningar- og viðskiptaráðuneyti vegna samningsins. Jafnari dreifing ferðamanna yfir árið og um landið er einn liður í ferðamálastefnu til ársins 2030. Verkáætlun gerir ráð fyrir þriggja ára verkefni þar sem fyrsta ári verður varið til þróunarvinnu á vetrarferðum, á meðan næstu tvö ár munu beinast að markaðssetningu.



SAMNINGUR GERÐUR UM SVÆÐISBUNDIN FARSÆLDARRÁÐ

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir og Jóhanna Ösp Einarsdóttir, fyrir hönd Vestfjarðastofu, undirrituðu þann 10. október s.l. tímamótasamning við Ásmund Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, um svæðisbundin farsældarráð. Samningurinn var gerður við öll sjö landshlutasamtök sveitarfélaga hér á landi og fól hann í sér ráðningu verkefnisstjóra.

Viðkomandi verkefnisstjórar munu leiða undirbúning að stofnun svæðisbundins farsældarráðs í hverjum landshluta fyrir sig. Með samningunum hafa öll sveitarfélög landsins skuldbundið sig til þess að hefja vinnu við að hrinda 5. grein laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna í framkvæmd. Markmiðið er að börn og foreldrar geti fengið aðgang að samþættri þjónustu við hæfi, án hindrana. Verkefnisstjórar munu vinna í nánú samstarfi við forsvarsmenn innleiðingar farsældarþjónustu í sveitarfélögum landshlutans og leiða saman það fagfólk sem vinnur að málefnum barna í því skyni að undirbúa svæðisbundið farsældarráð. Samningurinn er gerður til tveggja ára og áætlað er að fyrir lok samningstímans hafi farsældarráð landshlutans verið kallað saman og undirbúningur vinnu við fyrstu áætlun um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða í þágu farsældar barna hafin.



Um er að ræða viðaukasamning við sóknaráætlanir landshluta. Samningurinn er byggður á niðurstöðum starfshóps mennta- og barnamálaráðuneytisins um samhæfða svæðaskipan í málefnum barna. Að mati starfshópsins voru mikil tækifæri fólgin í því að starfrækja farsældarráðin eftir gildandi landshlutasamtökum sveitarfélaga enda þau vön að vinna á þeim grunni.

Ásmundur Einar sagði við undirritunina að einstaklega gott samstarf hefði verið við hluteigandi aðila um allt land sem komið hafa að lagasetningu um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og innleiðingu þeirra. Jafnframt að þessi samningur sé næsta skrefi í þeirri vegferð svo nýju farsældarsvæðin nái að virka eins og þau voru hugsuð þar sem að ólíkir aðilar vinna saman í hverjum og einum landshluta að því að bæta hag barna og ungmenna.



SAMNINGUR VIÐ BLÁMA ENDURNÝJADUR



Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið, Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða og Vestfjarðastofa hafa endurnýjað samstarf sitt um Bláma til ársins 2026, en samstarfsverkefnið sem verið hefur í gangi frá 2021 styður við orkuskipti og verðmætasköpun á Vestfjörðum og landinu öllu.

Blámi hefur á síðustu þremur árum haft frumkvæði að og stutt við fjölmörg orkuskiptaverkefni í þéttu samstarfi við fyrirtæki með sérstaka áherslu á sjávar tengda starfsemi. Blámi hefur unnið náið með stærstu fiskeldisfyrirtækjum á Íslandi, sveitarfélögum, bátasmiðjum, tæknifyrirtækjum og menntastofnunum og hóf nýverið samstarf við innviðafélag Vestfjarða um að styðja við frekari innviðaupbyggingu í fjórðungnum. Þorsteinn Másson hefur verið framkvæmdastjóri Bláma frá upphafi en auk hans hafa þar starfað Tinna Rún Snorradóttir og Anna María Daníelsdóttir ásamt sumarstarfsmönnum. Starfsemi Bláma verður í framhaldi endurnýjunar samstarfsins eflað með nýrri starfsstöð á sunnanverðum Vestfjörðum.

Við endurnýjunina sagði Sigríður Ó. Kristjánsdóttir framkvæmdastjór Vestfjarðastofu:

„Blámi hefur verið áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vestfjarða síðustu ár og hefur reynst afar árangursríkt verkefni fyrir heildarhagsmunum Vestfjarða. Samstarf starfsmanna Vestfjarðastofu og Bláma hefur skilað fjölda árangursríkra umsókna fyrirtækja og stofnana á svæðinu í fjölmarga sjóði og þannig átt hlut í að auka fjármagn til nýsköpunarverkefna á Vestfjörðum.“



Blámi



**SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA**



SAMRÁÐSHÓPUR UM SKELRÆKT

Undanfarið ár hefur samstarfshópur um skelrækt verið að störfum og leitað leiða til að endurvekja skelrækt á Íslandi. Samráðshópurinn er samansettur af aðilum frá MAST, Matís, Haf og Vatn, Skelrækt, Reykhólahreppi, Vestfjarðastofu og áheyrnafulltrúum frá Matvælaráðuneytinu.


Forsaga málsins er að miklar vonir voru bundnar við skelrækt á fyrsta áratug aldarinnar og sáu menn fyrir sér mikil tækifæri í þessari atvinnugrein. Lög voru sett um greinina árið 2011 sem þegar á reyndi reyndust það of miklar kvaðir á unga grein sem en var í þróun, ásamt því sem fjármagn og frekari stefnumótun skorti. Skeldýrarækt náði því ekki þeim vexti sem vonast var til, þrátt fyrir mikinn og sterkan vilja skeldýraræktenda.

Við Ísland eru góð náttúruleg skilyrði til skeldýraræktar með næringarríkum sjó og því er áhuginn enn til staðar en lagaumgjörð greinarinnar gerir það ómögulegt. Í ræktun skeldýra felst umhverfissvæn framleiðsla á gæða næringarefnum úr sjó sem gert er ráð fyrir að vaxandi eftirspurn verði eftir.

Í samráðshópnum eru allir aðilar sammála um að læra af fyrri reynslu og mistökum og byggja upp innviði til rannsóknar á bláa hagkerfinu til auðlindanýtingar við stendur landsins. Vonast samráðshópurinn til að beiðni hans um fjármögnun til endurreisnar greinarinnar fái brautargengi í fjárlaganefnd.


HAFSJÓR AF HUGMYNDUM

styrkir á vegum sjávarútvegsklasa Vestfjarða



SJÖ UMSÓKNIR Í HAFSJÓ AF HUGMYNDUM

Fyrr í haust kallaði Vestfjarðastofa eftir umsóknum í Hafsjó af hugmyndum, en sjóðurinn hefur verið starfræktur undanfarin fimm ár. Í gegnum sjóðinn styrkir Sjávarútvegsklasi Vestfjarða nemendur að kosta rannsóknir í tengslum við lokaverkefni sín. Á þessum árum hefur Hafsjór af hugmyndum skapað sér sess sem spennandi vettvangur fyrir háskólanema í vali og vinnslu lokaverkefna.



Að þessu sinni bárust sjö umsóknir frá nemendum við þrjá íslenska háskóla: Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Háskólasetur Vestfjarða. Verkefni nemendanna eru fjölbreytt og snúa þau að kynþroska laxa, verðmætasköpun í laxeldi, áhrif manna á hegðun þorsks, heilsu grjótkrabba, segulmögnun fjarða og fræðsluefni um hvali í Ísafjarðardjúpi. Gaman er að sjá gróskuna í rannsóknarviðfangsefnum og vill Vestfjarðastofa og Sjávarútvegsklasi Vestfjarða senda kærar þakkir til allra umsækjenda. Nú liggur fyrir valnefnd að skera úr um hvaða verkefni hljóta styrk og verður spennandi að sjá niðurstöður rannsókna á næsta ári.

VINNUSTOFUR UM STAÐBUNDIN ORKUSKIPTAVERKEFNI



Í fyrri hluta októbermánaðar stóð Vestfjarðastofa, innan ramma RECET verkefnisins og gerð loftslagsstefna sveitarfélaganna á Vestfjörðum, fyrir vinnustofum á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði. Aðalmarkmið vinnustofanna var að hvert og eitt sveitarfélag myndi skilgreina tvö til þrjú staðbundin og áþreifanleg verkefni til orkuskipta. Verkefnunum er síðan ætlað að leggja grunn að vinnu þeirra við orkuskiptaáætlanir og loftslagsstefnu. Á vinnustofunum var boðið starfsmönnum sveitarfélaganna og kjörnum fulltrúum.

Vinnustofurnar heppnuðust ágætlega, líflegar umræður sköpuðust, góðir gestir frá Bláma og systurfélags hans Eimi fluttu áhugaverð erindi, komið var auga á helstu áskoranir og verkefni skilgreind. Sem dæmi um verkefni má nefna LED-væðingu lýsingar, bæði götu og innanhúss, rafmagnsvæðingu bíla og tækja og uppbyggingu hleðsluinnviða, þar sem skipulag sveitarfélaganna leikur lykilhlutverk. Einnig voru hitaveitumál og fleiri varmadælar á listanum hjá mörgum sveitarfélögum, enda rímar „varmadæla“ við orkusparnað.



Co-funded by
the European Union

ÞINGMENN SÓTTU VESTFIRÐI HEIM

Þingmannafundur Norðvesturkjördæmis var haldinn í Edinborgarhúsinu fimmtudaginn 3. október. Flestir þingmenn kjördæmisins eða Bergþór Ólason, Bjarni Jónsson, Eyjólfur Ármannsson, Halla Signý Kristjánsdóttir, Stefán Vagn Stefánsson og Teitur Björn Einarsson voru þangað mættir til fundar með sveitarstjórnarfólki á Vestfjörðum. Einnig voru þar Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir og Aðalsteinn Óskarsson fyrir hönd Vestfjarðastofu.

Vegagerð

Á fundinum var mikill þungi lagður á þau helstu mál sem þurfa að vera ofarlega í huga í störfum sem þingmenn fjórðungsins. Öryggismál á vegum og í jarðgöngum, forgagnsröðun og áætlanagerð í jarðgangnamálum, sem og vegagerð á Dynjandisheiði, Gufudalssveit og Strandavegi var allt tekið fyrir. Þá var á svipuðum nótum rædd vetrarþjónusta Vegagerðarinnar á Vestfjörðum og hvernig stuttur opnunartími Vestfjarða hamlar uppbyggingu atvinnulífs og samfélaga.

Auðlindagjöld

Vakin var athygli á því enn á ný á því að einu auðlindagjöldin sem þjóðin hefur innheimt eru af sjávarauðlindinni, veiðigjöld og gjaldtaka af fiskeldi. Þetta þýðir að atvinnulíf og samfélög á Vestfjörðum greiða hátt hlutfall slíkra gjalda ef borið er saman við aðra landshluta vegna samsetningar atvinnulífs. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um sambærileg auðlindagjöld til dæmis í orkumálum, af heitu vatni eða ferðaþjónustu. Á fundinum lögðu forsvarsmenn sveitarfélagana mikla áherslu á að fiskeldisgjald renni til sveitarfélaganna án aðkomu úthlutunarnefndar og hlutfall sveitarfélaga af fiskeldisgjaldi verði hækkað verulega. Þá var vakin athygli á umræðu um afnám tollfrelsis hringferðaskipa og mikilvægi þeirra, sérstaklega fyrir smærri hafnir.

Orkumál

Nokkur umræða var um orkumál á fundinum. Athygli var vakin á að nokkrir möguleikar eru í vinnslu og mikilvægt er að fylgja þeim öllum eftir: Hvalá, Austurgil, Skúfnavötn, Hvanneyrardalur/Tröllárvirkjun, Kvíslártunguvirkjun og Vatnsdalsvirkjun. Tvöföldun Vesturlínu er jafnframt gríðarlega mikilvæg og þarf að hefja vinnu við þá áfanga sem nýtast strax svo sem tvöföldun línu frá Mjólka í Kollafjörð.

Óstaðbundin störf

Óstaðbundin störf eru ekki að reynast vel á Vestfjörðum og oft svo að störf hafa frekar verið flutt af svæðinu en til þess. Rætt var um mikilvægi þess að efla starfsstöðvar stofnana á svæðinu þar sem niðurskurður hefur yfirleitt mest áhrif á starfsemi stofnana sem eru lengra frá höfuðborgarsvæðinu.

Niðurskurður er í framlögum til Náttúrustofa á sama tíma og krafa um auknar rannsóknir og að störf við eftirlit til dæmis í fiskeldi verði staðbundin á þeim svæðum þar sem eldið er stundað. Einnig var komið inn á að fjármagn til Sóknaráætlana lækkar sem hefur sérstaklega mikil áhrif á úthlutun vegna menningar og atvinnuþróunar. Einnig lækkar framlag til atvinnu- og byggðaðróunar (atvinnuráðgjöf) og samningar vegna áfangastaðastofa eru lausir og fjármögnun markaðsstofu því ótrygg.

Fundurinn var góður og þar fóru fram hreinskiptnar umræður um málefni Vestfjarða og þingmennirnir sendir heim með gott veganesti frá heimafolki.



VESTFJARÐASTOFA SKOÐAÐI SAMFÉLAGSLEGA NÝSKÖPUN Á ÍRLANDI



Vestfjarðastofa er þátttakandi í MERSE sem er verkefni á vegum Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins. Fyrir mánuðinum héldu Þórkatla Soffía Ólafsdóttir og Anna Sigríður Ólafsdóttir, starfsmenn Vestfjarðastofu til Írlands á annan staðfund verkefnisins, sem snýr að samfélagslegri nýsköpun. Fundað var um það sem þegar hefur verið gert til þessa og lögð drög að næstu skrefum, auk þess sem örvinnustofur voru haldnar í samfélags-frumkvöðlaferlinu og myndbandagerð.

Þar sem MERSE snýr að samfélagsverkefnum var höfuðáherslan á að kynna slíka. Hópurinn fundaði í Údarás na Gaeltachta í Connemara sem er á stærsta Gelísku-svæði Írlands. Údarás na Gaeltachta er svæðisstjórn sem ber ábyrgð á efnahagslegri, félagslegri og menningarlegri þróun og aðalmarkmið stofnunarinnar er að tryggja að írski tungumálið haldi velli sem fyrsta tungumál gelísku svæðanna.

Social Enterprise Academy

Með í för til Írlands voru einnig Anna Björg Þórarinsdóttir, hjá Galdrasýningunni á Hólmavík og Heiðrún Björk Jóhannsdóttir, hjá Netagerðinni á Ísafirði. Tóku þær, ásamt völdum verkefnum frá hinum þátttökulöndunum, þátt í áhugaverðu verkefni sem kallast SEA, eða Social Enterprise Academy. Það snýr að þróun og stuðningi við samfélagsleg nýsköpunarverkefni í gegnum menntun, handleiðslu og tengsl. Einnig leggja þau áherslu á að skapa jákvæðar samfélagslegar breytingar í gegnum þau verkefni sem fara í gegnum námskeiðin þeirra.

Áhugaverð vettvangsferð til Inis Mór

Eitt af því sem gert var í ferðinni var að fara í vettvangsheimsókn til Inis Mór sem er ein þriggja Aran eyja. Hún hefur meðal annars sér þar til frægðar unnið að vera söguvið í verðlaunamyndinni The Banshees of Inisherin. Eyjan er stærst í eyjaklasanum en er þó aðeins 12 kílómetrar að lengd og 3 kílómetrar að breidd og búa þar um 800 manns. Í heildina búa á eyjunum þremur um 1300 manns.

Sorpsamlag Araneyja

Fyrst var heimsótt sorpsamlag Araneyja þar sem Gerry Mullin tók á móti hópnum og sagði frá hvernig eyjaskeggjum hefur tekist að reka eina bestu og öflugustu endurvinnslu á Írlandi. Þeim hefur til að mynda tekist sérlega vel til með moltugerð þar sem allur lífrænn úrgangur auk pappa er efniviðurinn og geta heimamenn svo fengið til sín moltupoka eða sekki gegn vægu gjaldi. Einnig endurvinna þau gler á staðnum og steypa úr því einingar sem hægt er að kaupa. Þetta eru þrír stærstu flokkar sorps á eftir almennu sorpi. Vel hefur gengið að fá eyjabúa til liðs við sorpsamlagið um að vanda vel til verka við flokkun, sértaklega á Inis Mór, þar sem það er staðsett og hefur það tekist í gegnum öflugt og skilvirkt fræðslustarf.

Samvinnufélag Araneyja

Hópurinn heimsótti Comharchumann Forbartha Arann, sem er samvinnufélag um byggðapróun á eyjunum og sagði Micheál Ó Goill hópnum frá verkefnum þeirra, sem eru afar fjölbreytt og kunnugleg í eyrum Vestfirðinga. Innviðamálin voru ofarlega á baugi og undir samvinnufélaginu starfar meðal annars orkusamleg eyjanna. Avril Ní Shearcaigh framkvæmdastjóri sagði frá því og hvernig félagið, sem er óhagnaðardrifið, vinnur að því að gera eyjarnar kolefnishlutlausar.

Dún Aonghasa

Þá fór hópurinn í gönguferð að skoða Dún Aonghasa, mikið steinvirki sem reist var fyrir yfir 3000 árum. Virkið var afar tilkomumikið og ekki var minna áhrifaríkt að standa upp á um 90 metra háum klettunum sem það hvílir á. Landslag Inis Mór er grýtt og í gegnum aldirnar hafa heimamenn fundið leiðir til að láta þetta annars lítt frjóa land vinna með sér. Notuðu þeir grjótið til að hlaða steinhólf sem ræktaður var jarðvegur inn í og hentaði þá vel fyrir búpening. Á eyjunni sem ekki er stór, eru um 5000 kílómetrar af hlöðnum steinveggjum.

Aðeins meira um MERSE

MERSE eða Business Models Empowering Rural Social Entrepreneurship voicing the rural norm hefur að markmiði að þróa viðskiptamódel, stuðningskerfi og aðstæður fyrir samfélagsfrumkvöðla sem vilja stofna eða þróa samfélagsdrifin verkefni í dreifðum byggðum. Það er Mid Sweden University sem leiðir verkefnið og auk þess taka þátt í því Companion Co-operative Development (SE), KBT Vocational School (NO), The Gaeltacht Authority (IE), University of Helsinki (FI) og Vestfjarðastofa.



VEL SÓTT LAGARLÍF

Dagana 8-9. október 2024 var ráðstefnan Lagarlíf haldin í Hörpu og óhætt er að segja að hún hafi notið mikilla vinsælda en um 700 þátttakendur voru skráðir til leiks. Auk þeirra sem tóku þátt í dagskrá ráðstefnunnar var fjöldi fyrirtækja með kynningar. Í ár var sérstök áhersla á menntun í fiskeldi og voru nokkrar menntastofnanir með kynningar, þar á meðal Menntaskólinn á Ísafirði og Háskólasetur Vestfjarða. Guðrún Anna Finnbogadóttir sótti ráðstefnuna fyrir hönd Vestfjarðastofu.

Á ráðstefnunni kom fram að eftir erfitt ár 2023 þar sem talsverð áföll urðu í fiskeldi, lítur út fyrir að árið 2024 verði besta árið í fiskeldi á Íslandi til þessa. Komið var inn á mikilvægi þess að skapa góða ímynd svo greinin njóti virðingar; sjókvíaeldið þarf að vera umhverfisvænt, efla samfélögin og stunda sín viðskipti í sátt við náttúru og fólk.

Innan greinarinnar er mikil áhersla á að minnka umhverfisáhrifin og hanna tæknilausnir sem bæta allan aðbúnað - bæði fiska og starfsmanna. Það kom skýrt fram á ráðstefnunni að fiskeldi er talin ein besta leiðin til að framleiða prótein til matvælaframleiðslu en aukin umræða er um notkun þörunga í meira mæli til fódurgerðar fyrir fiskeldið.

Mikill hugur er í þeim sem eru að setja landeldi á laggirnar og verður spennandi að sjá hvernig sú þróun verður. Bæði sjókvíaeldi og landeldi eru greinar í miklum vexti á Íslandi og falla vel að þeirri þekkingu sem Íslendingar búa yfir úr sjávarútvegi.





FERÐAÞJÓÐAR FÆRÐU SÉR GERVIGREIND Í NYT Í BLÁBANKANUM

Blábankinn, í samstarfi við Vestfjarðastofu, hélt sinn árlega Startup Westfjords dagana 10. til 13. október 2024. Viðfangsefnið að þessu sinni var Áhugaverð tæki: Gervigreind í ferðaþjónustu. Vinnustofuna sóttu vestfirskir ferðaþjónustuaðilar, samfélagsleiðtogar og sérfræðingar úr greininni. Saman könnuðu þeir hvernig gervigreind getur gagnast ferðaþjónustufyrirtækjum og stuðlað að sjálfbærum aðferðum á Vestfjörðum.

Magdalena Falter, sérfræðingur í sjálfbærri ferðaþjónustu, flutti erindi um krafta stafrænnar nýsköpunar í dreifðum byggðum. Hún fjallaði einnig um áskoranir sem fólk glímir við í notkun gervigreindar og ávinning. Þá var hún með fyrirlestur um sjálfbæra ferðaþjónustu og benti á hvernig gervigreind getur stýrt ferðamannastraumi til að koma í veg fyrir of mikið álag og stuðlað að náttúruvernd á Vestfjörðum. Hvatti hún ferðaþjónu til að gefa þessu gaum í nafni ábyrgrar ferðaþjónustu og upplifunar gesta.

Þátttakendur fengu kynningu á gervigreindartólum eins og ChatGPT og lærðu hvernig þessi tækni getur nýst til að sjálfvirknivæða fyrirspurnir, búa til persónulegar markaðsherferðir og greina viðbrögð viðskiptavina. Brynjólfur Ægir Sævarsson, sérfræðingur í gervigreind og stafrænum umbreytingum, leiddi þátttakendur í gegnum hagnýtar lausnir fyrir gagnagreiningu, samskipti við viðskiptavini og aukna rekstrarhagkvæmni.

Startup Westfjords bauð þátttakendum fjölmörg tækifæri til að tengjast og vinna með öðrum aðilum í ferðaþjónustunni. Þátttakendur ræddu aðferðir til að nýta gervigreind til að efla rekstur sinn og könnuðu möguleika á samstarfi sem gæti stuðlað að langtíma vexti á svæðinu.

Þátttakendur yfirgáfu vinnustofuna með dýpri skilning á því hvernig gervigreind getur stutt við vöxt fyrirtækja þeirra á sjálfbæran hátt, með áherslu á samfélagsleg gildi. Fóru þeir með í farteskinu lærdóm um þróun persónulegra markaðsáætlana, bættu þjónustu við viðskiptavini með gervigreind og uppsetningu á kerfum sem stöðugt bæta þjónustu.

Startup Westfjords heldur áfram að vera mikilvægt framtak hjá Blábankanum, sem veitir heimamarkaðnum aðgang að nýjustu tækni og aðferðum til að dafna í sífelld stafrænum heimi.

98 UMSÓKNIR Í UPPBYGGINGARSJÓÐ

Umsóknarfrestur í Uppbyggingarsjóð Vestfjarða rann út þann 31. október. Alls bárust 98 umsóknir, þar af 37 til nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefna, 49 til menningarverkefna og 12 umsóknir um stofn- og rekstrarstyrki til menningarstofnana. Gaman er að sjá aukninguna sem varð á umsóknum á milli ára, en í fyrra bárust 78 umsóknir í sjóðinn. Til úthlutunar eru 60 milljónir króna sem er einnig talsverð aukning frá síðasta ári er upphæðin var 48.6 milljónir. Skýrist það af því að næsta ár er fyrsta ár í nýrri Sóknaráætlun og þess vegna ekki komnar inn verkefni sem styrkt eru yfir nokkurra ára tímabil. Einnig er inn í fjárhæðinni verkefnastyrkir sem ekki voru sóttir eða féllu niður þar sem verkefni komu ekki til framkvæmda.

Nú fara fagrað menningar og nýsköpunar yfir allar umsóknir og velja hvaða umsóknir skulu fá brautargengi. Síðan tekur Úthlutunarnefnd við og ákvarðar styrkupp hæðir til valinna verkefna.

Niðurstaðna er að vænta í byrjun desember og verður úthlutunarhóf auglýst þegar nær dregur. Viljum við þakka umsækjendum kærlega fyrir góð viðbrögð og hlökkum við til að sjá hvaða spennandi verkefni koma til framkvæmda fyrir tilstuðlan styrkveitinga úr sjóðnum.



SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA

ANNASAMT FJÓRÐUNGSPING Í BJARNARFIRÐI - NÝR FORMAÐUR FV OG VESTFJARÐASTOFU

69. Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti var haldið á Laugarhóli í Bjarnarfirði dagana 18.-19. október. Þingið var virkt og líflegt, og góð mæting hjá sveitarstjórnarfulltrúum á svæðinu. 28 ályktanir, auk tveggja breytingartillagna, lágu fyrir þinginu og að loknum nefndarstörfum voru samþykktar 18 ályktanir.

Kosið var til stjórnar og varastjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga. Jóhanna Ösp Einarisdóttir sem hafði sinnt formennsku af mikilli röggsemi undanfarin fjögur ár lét af störfum og var Gylfi Ólafsson, Ísafjarðarbæ, kjörinn nýr formaður. Ný í stjórn eru einnig Hildur Aradóttir, Kaldrananeshreppi og Tryggvi Bjarnason, Vesturbyggð. Sem nýr varamaður kemur inn Freyja Ragnarsdóttir Pedersen, Vesturbyggð.

Auk venjubundinna þingstarfa kynnti Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 sem nú hefur farið í gegnum Samráðsgátt. Fór hún yfir vinnuna að baki henni og lauslega yfir uppsetningu og innihald. Einnig var farið yfir hvað hafi breyst frá því síðasta Sóknaráætlun var gerð og þann árangur sem náðst hefur.

Sem liður í gerð vinnslutillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 fór fram vinnustofa um framtíðarmyndir Vestfjarða. Hrafnkell Proppé, skipulagráðgjafi, Úrbana ehf. sem fer fyrir vinnunni fyrir hönd VSÓ ráðgjafar fór yfir stöðu verkefnisins og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur hjá VSÓ ráðgjöf, fór yfir lýðfræðilega þróun Vestfjarða.

Lilja Magnúsdóttir, fyrir hönd Vesturbyggðar og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, fyrir hönd Ísafjarðarbæjar, sýndu hvernig mismunandi sviðsmyndir gætu litið út í sveitarfélögunum miðað við þær forsendur sem unnið hefur verið með í svæðisskipulaginu. Í framhaldi af því unnu þinggestir ólíkar framtíðarmyndir á skemmtilegri vinnustofu og í lok hennar var gengið til kosninga um sviðsmynd fyrir framtíð Vestfjarða. Í boði voru þrjár sviðsmyndir: andvari, meðbyr og gustur, niðurstöður kosninganna voru á þá leið að andvari fékk ekkert atkvæði, gustur hlaut 25 og meðbyr 26 atkvæði.



ALLT UM 69. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA Á HEIMASÍÐU OKKAR

69. Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti var haldið í Bjarnarfirði dagana 18.-19. október sl. Sveitarstjórnarfulltrúar úr fjórðungnum fjölmenntu og starfsfólk Vestfjarðastofu hélt utan um þingið, auk þess komu ungmenni úr Ungmennaráði Vestfjarða og fylgdust með fyrri degi þingstarfa.

Á heimasíðu okkar vestfirdir.is er að finna ítarlega þinggerð. Þar má kynna sér allt sem fram fór á þinginu; þau ávörp sem flutt voru, þau þingmál sem lögð voru fram, erindi framsögufólks og afgreiðslu ályktana.

Allar ályktanir á einum stað

Fyrir þinginu lá að þessu sinni mikill fjöldi mála eða 28 við upphaf þings. Að loknum nefndarstörfum lágu fyrir 18 ályktanir sem allar voru samþykktar með meirihluta atkvæða. Samþykktar ályktanir voru: Uppbygging Tetra sambands samhliða uppbyggingu farnetskerfa á stofnvegum, uppbygging farnetskerfa á tengivegum, endurskoðun hættumats ofanflóða, aukið fjármagn fyrir löggæslu á Vestfjörðum, rekstur náttúrustofa, aukin kynning á Vestfjörðum fyrir erlendum fjárfestum og fyrirtækjum, fjármagn til sóknaráætlana, rannsóknir og nýsköpun, jöfnun kostnaðar vegna flokkunar og förgunar úrgangs, setning laga um lagareldi, hafnarmál, tillögur Strandanefndar, heitavatnsleit á Gálmaströnd, vetrarþjónusta á Vestfjörðum, frestun útboða í vegaframkvæmdum á árinu 2024, Bildudalsvegur 63, Samgönguáætlun og Vestfjarðalína.





FERÐASAGA: MAS HITTINGUR Á AUSTURLANDI

Vilborg Pétursdóttir á Markaðsstofu Vestfjarða fór á árlegan hitting Markaðsstofa landshlutanna dagana 30. -31. Nóvember. Gestgjafinn að þessu sinni var Markaðsstofa Austurlands. Fyrri dagurinn var nýttur í heimsóknir og kynningu á starfsemi á Austurlandi en seinni dagurinn var helgaður sameiginlegri vinnu markaðsstofanna er viðkemur helstu málefnum ferðaþjónustunnar.

Áhugaverðar og fræðandi heimsóknir
Vettvangsheimsóknirnar hófust með heimsókn í Sláturhúsið – Menningarmiðstöð. Þar fór fram kynning Markaðsstofu Austurlands á starfsemi þeirra og gáfu þau yfirlit yfir helstu segla svæðisins ásamt því að fara yfir áskoranir. Í kjölfarið sagði forstöðumaður Sláturhússins frá starfsemi menningarmiðstöðvarinnar og gekk með hópinn í gegnum húsið sem áður gegndi hlutverki sláturhúss eins og nafnið gefur til kynna. Yfirstandandi þar er stórskemmtileg sýningu helguð Kjarval, en annars er helsta hlutverk hússins að vera sviðslistamiðstöð Austurlands.

Hópnum var svo smalað upp í rútu og leiðin lá á Borgarfjörð Eystri. Fyrsta stopp þar var Hafnarhús við Hafnarhólma sem er glæsilegt aðstöðuhús fyrir sjómenn og ferðamenn sem heimsækja Hafnarhólma á sumrin, en þar rekið kaffihús. Hafnarhólmi er gríðarlega vinsæll staður fyrir fuglaskoðun og er þar gríðarmikil lundabyggð. Aðstaðan sem hefur verið byggð upp er til fyrirmyndar og hvergi annarsstaðar hægt að skoða fuglinn í jafnmiklu návígi.

Næst var farið í hádegismat á veitingastað Blábjargar gistihúss. Eigandi staðarins deildi sögum af uppbyggingu staðarins ásamt áherslum þeirra á staðbundin hráefni og samstarf innan héraðsins. Auk gistingar bjóða þau upp á heilsulind, veitingastað og brugghús. Þau hafa opið allt árið, sem styrkir ferðaþjónustu á svæðinu til muna.

Seinni part dags var litið við hjá Hreindýragarðinum og fræðst um starfsemina þar. Hreindýragarðurinn er frábær viðbót í flóru ferðaþjónustunnar fyrir austan og gaman að geta fræðst betur um þessi dýr sem einkenna Austurlandið. Að lokum var farið í Vök þar sem gott er að geta látið líða úr sér í náttúrulega heitu vatni í fallegu umhverfi Urriðavatns.

Aftur að alvöru málsins

Seinni dagurinn var tileinkaður vinnu sem snýr að sameiginlegum verkefnum markaðsstofanna og þar voru einnig ræddar áskoranir sem mæta hverjum landshluta fyrir sig. Þá var á dagskránni vinna við áfangastaðaáætlanir landshlutanna sem er afar mikilvægt plagg er viðkemur uppbyggingu og viðgangi ferðaþjónustu í landinu. Þá fór fram stöðugreining á Mannamótum markaðsstofanna sem fer fram í janúar á hverju ári. Einnig fóru fram talverðar umræður um skemmtiferðaskip, ásamt því sem boðið var upp erindi frá Ferðamálastofu.

Samstarf markaðstofa landshlutanna er afar mikilvægt og gott að geta borið saman bækur sínar og lært af öðrum. Vilborg sneri aftur full innblásturs eftir heimsóknina á Austurland.





VERKEFNASTJÓRI FARSÆLDAR Á VESTFJÖRÐUM

VESTFJARÐASTOFA AUGLÝSIR NÝTT
STARF VERKEFNASTJÓRA
FARSÆLDAR Á VESTFJÖRÐUM.
VERKEFNIÐ ER SAMSTARF
VESTFJARÐASTOFU OG MENNTA-
OG BARNAMÁLARÁÐUNEYTISINS OG
RÁÐIÐ ER TÍMABUNDIÐ TIL TVEGGJA
ÁRA.

Umsóknarfrestur er
til 18. nóvember

[Meira hér!](#)



Vestfjarðastofa

